



Fréttabréf



desember 2019

Tara Lind tilvonandi deildarstjóri á Lynginu vann með Heiðu þessa síðustu viku í nóvember en það var jafnframt síðasta starfsvika Heiðu hjá okkur í Læk. Við þökkum henni vel unnin störf og óskum henni alls hins besta á nýjum starfsvettvangi.

Í desember leggjum við áherslu á að skapa rólegt andrúmsloft með tilheyrandi jólasöngvum, jólaföndri og jólasögum. Öll börn í Læk útbúa jólagjafir handa foreldrum sínum.

Föstudaginn 6. desember verður rauður dagur í Læk og þann daginn verður einnig samsöngur. Allir eru hvattir til að mæta í einhverju rauðu í tilefni dagsins.

Skipan í hlutverk og æfingar í tengslum við „helgileik“ elstu barnanna skipa stóran sess í jólaundirbúningi í Læk. Miðvikudaginn 11. desember verður jólasamvera í Digraneskirkju fyrir börnin í Læk og fjölskyldur þeirra. Elstu börnin flytja helgileik og kirkjugestir syngja saman nokkur jólalög. Athöfnin hefst kl. 14.00. Börnin í Stóra Læk ganga í kirkjuna með kennurum sínum. Foreldrum er velkomið að ganga með okkur eða mæta beint í kirkjuna. Börnin í Litla Læk fara einungis í kirkju með foreldrum sínum. Að samverustund lokinni verður aðventukaffi í leikskólanum, frá kl. 15 - 16. Öllum kirkjugestum sem og öðrum foreldrum er boðið upp á heitt súkkulaði með rjóma, smákökur og mandarínur.

Jólaballið okkar verður miðvikudaginn 18. desember kl. 9.30 í báðum húsum. Við leggjum upp með að börn og kennarar mæti í betri fötunum þennan daginn. Skjóða mun halda utan um jólaballið í Stóra Læk og með henni verða jólasveinar sem fara einnig í Litla Læk. Börnin fá gjafir frá jólasveinunum sem foreldrafélagið Grágæs útvegar, foreldrafélagið greiðir einnig fyrir Skjóðu og jólasveinana. Hátíðarmatur verður í tilefni dagsins; Hátíðarskinka, kartöflur, grænar baunir, rauðkál og sósa. Við drekkum vatn með matnum og fáum íspinna í eftirrétt. Eftir hádegi verður farið í útiveru og því er mikilvægt að börnin hafi aukaföt til skiptanna í boxum sínum.

Leikskólar Kópavogs eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgangur. Við hvetjum ykkur til að þess að láta vita ef börn ykkar taka lengra leyfi í kringum hátíðarnar.

Í Læk vöndum við samskipti okkar þegar við ræðum um Grýlu og jólasveinana. Í Læk er ekki í boði að hræða börnin með Grýlu og við hvetjum ykkur til þess að gera slíkt hið sama. Öll fræðsla hvað snertir jólin er í ykkar höndum, við munum þó lesa bækur og syngja jólalög með tilheyrandi vangaveltum. Við viljum biðja ykkur að passa upp á að skóggjafir frá jólasveinunum komi ekki í leikskólann. Það er misjafnt gefið og við verðum að gæta jafnræðis í stórum barnahópi.

2. janúar 2020 er leikskólinn lokaður vegna skipulagsdags. Kennarar í Læk munu vinna af sér skipulagsdaginn með tveimur kvöldfundum. Fyrri fundurinn verður 3. desember þegar við fáum fyrirlestur frá Aðalheiði Sigurðardóttur um fjölbreytileikann. Fyrirlestrinum er ætlað að veita innblástur, kenna okkur að hugsa út fyrir ramman, auka umburðalyndi og sjá alla kostina sem fjölbreytileikinn hefur í för með sér. Seinni fundurinn verður nýttur í deildarfundi, skipulag og tiltekt.

Auglýsing fyrir deildarstjóra á Þinghól er komin inn á auglýsingavefinn okkar Alfred þar sem samningur við Fjólu rennur út um áramótin.

sjálfræði – virðing - hlýja

